

STJÓRNARTÍÐINDI B 39 — 1982

1. júlí 1982.

607

Nr. 331.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups Íslands varðandi beiðni um tilfærslu sóknarmarka milli Lögmannshlíðarsóknar og Glæsibæjarsóknar.

„Ráðuneytið hefur mótttekið bréf yðar, háæruverðugi herra, dags. 15. þ.m., varðandi beiðni um tilfærslu sóknarmarka milli Lögmannshlíðarsóknar og Glæsibæjarsóknar, sem eru jafnframt mörk milli Möðruvallaprestakalls og Glerárprestakalls í Eyjafjarðarprófastsdæmi.

Samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 35/1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð, og með samþykki viðkomandi sókna, héraðsfundar Eyjafjarðarprófastsdæmis og með vísun til fyrrnefnds bréfs yðar, samþykkir ráðuneytið að mörk milli Glæsibæjarsóknar og Glerársóknar í Eyjafjarðarprófastsdæmi fylgi framvegis mörkum milli Glæsibæjarhrepps og Akureyrarkaupstaðar.

Breyting þessi tekur nú þegar gildi.

Yður tilkynnist þetta til frekari birtingar.“

1. júlí 1982.

Nr. 332.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 507 18. desember 1979 um endurgreiðslur tolla vegna skipasmíða og skipaviðgerða, sbr. reglur nr. 551 13. október 1980 um breyting á þeim.

1. gr.

1. mgr. 10. gr. orðist svo:

Ráðuneytið endurgreiðir toll af innfluttu efni, vélum og tækjum til viðgerða og breytinga á skipum og bátum, þó ekki skemmtibátum, sbr. 1. gr., enda sé viðgerð eða breyting samfelld og endurgreiðsla nemi minnst kr. 6 500.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 28. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum til að öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. júlí 1982.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Ingólfur Friðjónsson.

Stjórnartíðindi B 39, nr. 331—332. Útgáfudagur 2. júlí 1982.